Kristinn G. Harðarson á Kjarvalsstöðum og hjá Sævari Karli:

Heimilishald og fordómaleysi

Í seinni tíð hefur myndlistin hér á landi og raunar í öllum hinum vestræna heimi orðið ópersónulegri og staðlaðri. Hið rökræna hefur e.t.v. orðið ofan á sem tilraun til að skapa heimsmynd, koma reiðu á hlutina í heimi óreiðunnar. Sú hugmynd að listin búi yfir andlegum innri veruleika hefur vikið fyrir hugmyndinni um listina sem hluta af ytri efniskenndum veruleika. Ennfremur hefur nýsköpunarþörf módernismans siglt hugtakinu „listin listarinnar vegna" í strand og skilið listamenn eftir ráðvillta á listflugvellinum með fullar töskur af farangri. Við þessar aðstæður hafa sumir farið að sundurliða farangurinn, aðrir að smíða flugvélar, flestir þó á þann hátt að minnir fremur á burðargrind en innyfli eða sál. Til eru þó þeir listamenn sem leita einnig inn á við eða í sitt nánasta umhverfi við þessar aðstæður uppgjörs við tilgang listarinnar. Einn slíkur er Kristinn G. Harðarson, sem nú sýnir verk sín á tveimur stöðum í höfuðborginni – á Kjarvalsstöðum og í Galleríi Sævars Karls.

Ljósi varpað á hið hversdagslega

Verk Kristins hafa vissulega yfirbragð sundurliðunar og greiningar líkt og flestra listamanna um þessar mundir, en svið hans er mun víðfeðmara en gengur og gerist. Hann lætur berast af tilfinningu um svo ólíkan vettvang eins og naívisma, fjölskyldumyndir, barnakrot, teiknimyndasögur, útsaum og rusl sem til fellur á heimilinu. Kristinn lætur ekki fallast í þá freistni að fjöldaframleiða list í ákveðnum stíl heldur lætur hann verk sín þjóna að hluta til sama tilgangi og dagbók. Hér er þó ekki um hreinar og hráar hugdettur að ræða heldur ferli sem hefur þróast hjá listamanninum í áranna rás og beinist ekki hvað síst að því að varpa ljósi á hið hversdagslega sem jafnframt er svo smágert og lítilsvert að það sæist ekki nema það væri hafið á stall listarinnar.

Að upphefja efnið

Þegar Kristinn saumar út myndasögur og málar listilega vatnslitamyndir eftir ólistrænum og í hæsta máta hversdagslegum ljósmyndum tekur hann ekki síður mið af þeim listiðnaði sem framleiddur hefur verið innan eldhúsa og saumaklúbba en gjaldgengri list alþýðulistamanna og listamanna af gamla skólanum. Í þessu fordómaleysi og trausti á mátt hugmyndaflugsins til að upphefja efnið liggur fyrst og fremst styrkur Kristins sem myndlistarmanns. Uppröðun listamannsins á m.a. dauðum flugum, sígarettustubbum, nöglum og rykhnoðrum minnir á einhvern einkennilegan hátt á heimilishald. E.t.v. kemur endurvinnsla sorps þar inn í hugmyndatengslin, en líkt og er lenska í núlistum er reglan í fyrirrúmi. Hjá Kristni eru reglan jafnt sem óreiðan víðfeðmari og nánari en gengur og gerist. Verk listamannsins hafa í senn minnkað og vinnslan orðið smágerðari. Nokkur eftirsjá er í hinum margbreytilega og stórskorna lágmyndastíl sem Kristinn þróaði um nokkurra ára skeið. Myndir hans nú krefjast meiri tíma en áður og handverkið gegnir mikilvægara hlutverki, þó formið sé ekki eins grípandi. Allar vangaveltur um efni ofar inntaki hljóta að fara í hringi þegar fjallað er um list Kristins G. Harðarsonar. Einfaldlega vegna þess að list hans er það samofin lífinu sjálfu.

Myndlist

Ólafur J. Engilbertsson

Karola Schlegelmilch í Portinu

Áruraðir

Karola Schlegelmilch er kvikmyndagerðarmaður þótt á sýningu hennar í Portinu sé ekki að finna neinar lifandi myndir. Engu að síður má greina að hin kvikmyndalega hugsun, svo við búum okkur til það ómyndalega orðasamband, er ekki langt undan. Ljósmyndirnar sem Karola sýnir okkur hérna eru langflestar í röðum og mörgum þeirra er þannig raðað að þær vekja í áhorfandanum tilfinningu fyrir hreyfingu – ekki fyrir hreyfingu myndefnisins, enda eru myndirnar flestar af grafkyrru landslagi, heldur fyrir hreyfingu myndavélarinnar eða sjónarhornsins. Sjónarhornið er að sjálfsögðu mikilvægasti þátturinn í allri sjónrænni reynslu og þar með í reynsluveröld okkar yfirleitt. Þessu hafa margir velt fyrir sér og það væri til dæmis ekki fjarri lagi að segja að sjónarhornsfræðin hafi verið megininntakið í vestrænni hugsun, að minnsta kosti frá því að Spinoza skilgreindi manneskjuna sem eitt af sjónarhornum guðs á sjálfan sig. Miðlar nútímans byggja líka á því að mögulegt sé að endurvekja ýmis sjónarhorn og auka þannig dýpt myndarinnar sem sett er fram. Það er auðvitað í kvikmyndinni sem þessi aðferð hefur verið fullkomnuð svo að nú tekur vart nokkur lengur eftir því að sjónarhornið, sem þar er sett fram, ræður nær alfarið upplifun okkar á viðfangsefninu. Eins og hetja hefur Karola sett sér það markmið að hjálpa okkur að skilja þennan leik sjónarhornanna og líklega að átta sig betur á honum sjálf. Þetta er hverjum kvikmyndagerðarmanni auðvitað hollur lærdómur, en okkur hinum ekki síður. Þetta útfærir Karola í fallegum myndum af landslagi og gróðri sem hún síðan rammar inn svo að úr verða heildir eða raðir, stundum tímaraðir, stundum raðir af sjónarhornum og stundum raðir af brotum sem sem gefa áhorfandanum heildarmynd af viðfangsefninu. Þessu fylgir svo ágæt sýningarskrá með grein eftir Jórunni Sigurðardóttur sem vel er kunn af menningarumfjöllun sinni hjá útvarpinu. Sýning af þessu tagi hefur ekki sést hér áður og myndir Karolu ættu allir að reyna að sjá áður en hún pakkar þeim niður og flytur aftur heim til Þýskalands. Hún hefur nú dvalið hér á listamiðstöðinni í Straumi um nokkurt skeið en líklega fara heimahagarnir að toga í hana nú þegar dagarnir eru aftur farnir að styttast hér norður frá.

Myndlist

Jón Proppé



Vilt þú fylgjast með því nýjasta sem er að gerast í hestamennskunni?

Gerist áskrifendur!

Nýtt áskriftartímabil er hafið.

EIÐFAXI

TÍMARIT HESTAMANNA

Sími 91-685316

HYUNDAI

AFMÆLISÚTGÁFA HYUNDAI PONY

Verð frá 882.000 kr.



3ja dyra 882.000 kr.



5 dyra 932.000 kr.



4 dyra 985.000 kr.

Í tilefni 40 ára afmælis B&L höfum við fengið sendingu af Hyundai Pony með ríkulegum aukabúnaði. Því er óhætt að fullyrða að sambærilegur bíll er vandfundinn á þessu verði.

Afmælisútgáfan af Pony er með:

- 1,3 lítra og 74 hestafla vél
- samlæsingu
- styrktarbitum í hurðum
- tölvustýrðu útvarpi og segulbandi með 4 hátölurum
- lituðu gleri í rúðum
- samlitum stuðurum

Innifalið í verði:
6 ára ryðvarnarábyrgð og
3ja ára verksmiðjuábyrgð.

Hafið samband við sölumenn okkar eða umboðsmenn um land allt

B&L 40 ÁRA 1954 - 1994

ÁRMÚLA 13 • SÍMI: 68 12 00 • BEINN SÍMI: 3 12 36

HYUNDAI ...til framtíðar

ÖRKIN 3114-1-24-21